

**492. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 24. janúar 2018  
og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Jón Kristinn Helgason varamaður og Ásvaldur Magnússon áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Dýrafjarðargöng - Kjaranstaðir vegsvæði - 2018010062**

Vegagerðin óskar eftir því við bæjaryfirvöld að stofnuð verði lóð undir vegsvæði í landi Kjaransstaða, Dýrafirði, landnr. 140663. Fylgiskjöl eru eftirfarandi, þ.e. eyðublað F-550 umsókn um stofnun lóðar dags. 08.01.2018 undirritað e.u. Vottað umboð f.h. landeigenda Kjaransstaða. Fylgiskjal 1 Hnitsettur uppdráttur frá Verkís dags. 29.11.2017 verknúmer 08240  
Fylgiskjal 2 Uppdráttur frá Verkís dags. sept. 2016  
Fylgiskjal 3 uppdráttur frá verkís dags. sept. 2016

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar undir vegsvæði Vegagerðar úr landi Kjaransstaða.*

*Sigurður Mar Óskarsson vék af fundi við afgreiðslu erindis.*

**2. Almenn erindi - 2018010063**

Gögn kynnt er varða samráðsfundi Umhverfisstofnunar í samstarfi við Ísafjarðarbæ og Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurbrepps, vegna stjórnunar og verndaráætlunar fyrir friðlandið á Hornströndum. Fylgiskjöl eru samantekt funda þ.e. þrjú skjöl og drög að kafla 3 í verndaráætlun.

*Gögn kynnt.*

**3. Umsókn um óverulega breytingu á Ask 2008-2020 - 2017080052**

Einar Hreinsson leggur fram drög að óverulegri breytingu að Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 breytingin snýr að frístundahúsasvæði F14 og jörðinni Sæborg lnr. 206817 og hennar sé getið í skipulaginu, öll ákvæði aðalskipulagsins

og landnotkun er óbreytt.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja meðfylgjandi tillögu og heimila málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulega breytingu.*

*Nefndin telur um að einungis sé verið að gera leiðréttingu m.v þinglýst gögn og rúmist innan þess að vera óveruleg breyting miðað við gátlista Skipulagsstofnunar.*

*Magni Hreinn Jónsson vék af fundi við afgreiðslu erindis.*

#### **4. Sindragata 7 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi - 2017080053**

Karl Ásgeirsson leggur fram fyrirspurn til bæjaryfirvalda f.h. 3X - Tecnology um hvort fyrirtækinu sé heimilt að gera breytingu á deiliskipulagi Sindragötu 5-7 þar sem byggingarreitur á lóð 5 er stækkaður og nýtingarhlutfall er hækkað úr 0.7 í 1 Fyrirtækið hyggur á stækkun vegna vaxandi umsvifa og áformar að stækka tengibyggingu á milli Sindragötu 5 og 7 jafnframt stækka húsið að Sindragötu 5 í átt að Sundabakka, þar sem byggingalína yrði samsíða byggingalínu Sindragötu 3 og kemur til með að mynda heildstæða götummynd. Meðfylgjandi er afstöðummynd frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. jan. 2018 og erindisbréf dags. 22.01.2018

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindið, nefndin óskar umsagnar hafnarstjórnar.*

*Sigurður Jón Hreinsson vék af fundi við afgreiðslu erindis.*

#### **5. Almenn erindi - 2018010063**

Gögn kynnt varðandi kærnu vegna starfsleyfis Umhverfisstofnunar útgefið 22. nóvember 2017 fyrir eldi Artic Sea Farm á 4000 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi og- eða laxi í opnum sjókvíum í Dýrafirði.

*Gögn kynnt.*

#### **6. Áætlun um endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar - 2018010063**

Gögn kynnt er varða áætlun um endurskoðun Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

*Erindi frestað.*

#### **7. Fjarðarstræti 20, sala eigna/byggingaréttis. - 2017110034**

Gögn kynnt er varða byggingarétt lóðar við Fjarðarstræti 20

*Gögn kynnt.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Jón Kristinn Helgason

---

Ásvaldur Magnússon

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby